

INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2023, fimmtudaginn 24. ágúst var haldinn 120. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar Sandra Hlíf Ocares og Sara Björg Sigurðardóttir. Kristinn Jón Ólafsson og Björn Gíslason sátu fundinn í fundarsal. Einnig sat fundinn með fjarfundarbúnaði Jón Pétur Skúlason og Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir í fundarsal. Fundarritari var Margrét Lilja Gunnarsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviði dags. 15 ágúst 2023, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda Malbikunarstöðin Höfði ehf. í EES útboði nr. 15870 – Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2023-2024 - útboð I. FAS23060035. Samþykkt.

Hjalti Jóhannes Guðmundsson, Björn Ingvarsson og Karl Eðvaldsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviði dags. 15 ágúst 2023, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda Malbikunarstöðin Höfði ehf. í EES útboði nr. 15871– Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2023-2024 - útboð II. FAS23060036. Samþykkt.

- kl. 13:11 tekur Pawel Bartoszek sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

Hjalti Jóhannes Guðmundsson, Björn Ingvarsson og Karl Eðvaldsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21 ágúst 2023, merkt USK23020044, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs nr. 83. þann 8. september 2022, varðandi Gatnaframkvæmdir við Snorrabraut undanfarin ár. USK23020044.

- Kl. 13:19 Sandra Hlíf Ocares vísar af fundi.

Innkaupa og framkvæmdaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Ráðið þakkar fyrir þau svör sem komin eru við þeim fyrirspurnum fulltrúa ráðsins sem ítrekaðar voru í upphafi sumars. Ráðið ítrekar um leið að fyrirspurnir ráðsfulltrúa eru nauðsynlegur hluti af eftirlitshlutverki ráðsins.

Fundi slitið kl. 13:23

Kristinn Jón Ólafsson

Sara Björg Sigurðardóttir
Björn Gíslason

Pawel Bartoszek